

April 2021



Varða Stefnuskjal



Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Útgefandi:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

April 2021

anr@anr.is

www.varda.is

Umbrot og textavinnsla:

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Brandenburg

©2021 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Bakgrunnur og markmið Vörðu	2
1.1 Bakgrunnur verkefnisins.....	2
1.2 Heildstæð nálgun áfangastaðastjórnunar.....	2
1.3 Markmið og sýn.....	3
2. Skilgreining.....	4
2.1 Hvað eru Vörður?.....	4
2.2 Viðmið fyrir Vörðu.....	4
3. Ferli og vörumerki.....	8
3.1 Ferli	8
3.2 Vörumerkið.....	8
3.3 Samræmi við aðra opinbera stefnumörkun.....	9

1. Bakgrunnur og markmið Vörðu

1.1 Bakgrunnur verkefnisins

Á árunum 2010-2018 fjölgaði erlendum ferðamönnum á Íslandi hratt. Þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu bendir allt til þess að ferðamönnum muni halda áfram að fjölga til lengri tíma. Því þarf að taka stór skref í að móta umgjörð fyrir áfangastaðastjórnun á Íslandi.

Fyrirmyndarstaðir í ferðaþjónustu voru eitt verkefna Vegvísis í ferðaþjónustu sem kom út árið 2015. Markmið Vegvísis var að leggja traustan grunn fyrir farsæla og sjálfbæra þróun greinarinnar til framtíðar. Samkvæmt Vegvísi á að skilgreina Fyrirmyndarstaði og undirbúa þá samkvæmt bestu erlendu fyrirmyndum. Verkefnið hefur síðan hlotið nafnið Varða (sjá 3.2.).

Verkefnahópur skipaður fulltrúum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti hóf störf í apríl 2019. Hópurinn ákvað að leita ráðgjafar hjá Grand Sites de France til að móta umgjörð og viðmið verkefnisins. Það kerfi og vörumerki heldur utan um þróun stórra ferðamannastaða í Frakklandi og hefur starfað með góðum árangri síðan árið 2000.

Uppbygging og fjármögnun innviða á áfangastöðum ferðamanna um land allt hefur verið í fyrirrúmi undanfarin ár með aðkomu Landsáætlunar um uppbyggingu innviða og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Megin áhersla í uppbyggingunni hefur verið á verndun náttúru í ljósi hins aukna álags vegna ferðamanna, sem og aukið öryggi. Halda þarf áfram á þeirri braut en einnig skapa vettvang fyrir nýja heildstæða nálgun sem tekur aukið tillit til upplifunargildis, staðaranda og tenginga milli staða.

Verkefnið Varða samræmist áherslum í Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 en þær eru einstök upplifun ferðamanna, umhverfisvernd, ávinningur heimamanna og arðsemi.

Verkefnið samræmist einnig áherslum sem fram koma í stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða, sem gildir fyrir 2018-2029.

1.2 Heildstæð nálgun áfangastaðastjórnunar

Í áfangastaðastjórnun í dag er gerð krafa um að horft sé til allra þátta sjálfbærrar þróunar, þ.e. samfélagslegra, umhverfislegra og efnahagslegra þátta. Leitast er við að skapa jafnvægi milli verndunar og nýtingar.

Upplifun ferðamannsins byggist að mestu leyti á náttúrulegu og menningarlegu gildi áfangastaðarins. Því er afar mikilvægt að unnið sé samhliða að því að bæta annars vegar umhverfis- og menningarsöguleg gæði og hins vegar móttöku gesta. Slík heildstæð nálgun á viðfangsefnið krefst þess að náð samstarf og samráð sé á milli yfirvalda ferðamála og umhverfismála, sem og annarra viðeigandi yfirvalda.

Upplifunin nær einnig yfir meira en sjálfa náttúruperluna, s. s. upplýsingar um staðinn, ferðalagið til og frá staðnum, upplifun af nærliggjandi umhverfi og þau hughrif sem verða eftir í huga ferðamannsins.

Aukin áhersla á mikilvægi virkrar álagsstýringar á áfangastöðum hefur komið fram í alþjóðlegri umræðu undanfarin ár vegna offjölgunar ferðamanna (e. overtourism). Ný viðmið í kjölfar Covid-19 faraldursins þrýsta enn frekar á að áfangastaðir komi til móts við kröfur um heilsuöryggi gesta og tryggi nægt rými til athafna.

Samfélagsþróun og breytt ferðahegðun kalla auk þess á breytingar á þjónustuframboði áfangastaða. Til dæmis kallar aukin notkun samfélagsmiðla á aðstöðu til myndatöku, orkuskipti kalla á hleðslustöðvar og aukin meðvitund um heilsuöryggi í kjölfar Covid-19 faraldursins kallar á snertilausa þjónustu og fullnægjandi hreinlætisaðstöðu.

Ný heildstæð nálgun fyrir Vörðu miðar að eftirfarandi:

- Verndun náttúru, menningarsögulegra minja og landslagsheildar svæðisins
- Hágæða móttöku gesta í samræmi við staðargæði
- Virðingu fyrir íbúum, staðaranda og framþróun svæðisins

Virk þátttaka sveitarfélaga og annarra hagaðila er mikilvæg fyrir framþróun verkefnisins og gert er ráð fyrir aðkomu allra viðeigandi aðila í gegnum ferlið sem er sýnt hér fyrir neðan.

Með heildstæðri nálgun áfangastaðastjórnunar er uppbygging hugsuð út frá sérstöðu hvers staðar með áætlun til lengri tíma. Slík nálgun ýtir undir það að vinna áfangastaðnum í haginn í stað þess að vera í viðbragðsham (e. proactive / reactive).

1.3 Markmið og sýn

Markmið verkefnisins er að búa til umgjörð um hugmyndafræði heildstæðrar nálgunar áfangastaðastjórnunar svo uppfylla megi eftirfarandi sýn;

- Aðdráttarafl áfangastaðanna fær að njóta sín og umhverfisstjórnun er til fyrirmyndar út frá áherslum sjálfbærrar þróunar þannig að framtíðarkynslóðir geti notið þeirra um ókomna tíð.
- Stuðlað er að svæðisbundinni þróun og hvatt til samstarfs og samhæfingar. Uppbygging ýtir undir ríkari upplifun, lengri dvöl og skapar viðskiptatækifæri og efnahagslegan ávinning fyrir nærumhverfið.

Verkefnið styður við stefnu stjórnvalda í ferða-, umhverfis-, menningar- og samgöngumálum auk nýsköpunar og stafrænnar stjórnsýslu.

Vörumerkið Varða felur í sér viðurkenningu og staðfestingu á framúrskarandi áfangastaðastjórnun samkvæmt markmiði, sýn, skilgreiningu og viðmiðum verkefnisins. Þannig geta áfangastaðir í ofangreindum skilningi einkennt og markaðssett sig með vörumerkinu Varða. Á ensku er talað um Vörður sem Sites of Merit, til útskýringar.

Verkefnið styður við innleiðingu eftirfarandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun: 8 (8.9), 9, 11 (11.4), 12 (12.5 og 12.B), 13 og 15.

2. Skilgreining

2.1 Hvað eru Vörður?

Vörður eru áfangastaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Megin aðráttarafl þeirra eru náttúrufrýrbærni og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Þær eru vel þekktar og eru hluti af ímynd landsins.

Vörður eru fjölsóttir áfangastaðir sem ferðamenn sækja allt árið um kring. Við umsjón þeirra er unnið að sjálfbærni á öllum sviðum.

Vörður geta annars vegar verið staðir þar sem töluverðir innviðir eru þegar til staðar. Þar geta verið takmarkaðir möguleikar á því að breyta því sem þegar hefur verið framkvæmt sem og mynstur ferðahegðunar. Miklir efnahagslegir hagsmunir geta verið til staðar sem hafa byggst upp á löngum tíma. Því er oft meiri áskorun (tæknilega, fjárhagslega og menningarlega) og tímafrekara að þróa þá í átt að Vörðum.

Vörður geta hins vegar verið staðir þar sem takmarkaðir eða engir innviðir eru til staðar. Á slíkum stöðum er tækifæri til að stýra þróuninni í sjálfbæra átt frá fyrstu stigum og byggja upp fjölbreytta upplifun með næmni fyrir staðaranda.

Viðmiðin sem fram koma hér fyrir neðan skilgreina vörumerkið Varða. Staðir sem eiga að verða Vörður þurfa að uppfylla eða vinna markvisst að viðmiðunum. Aðlaga þarf viðmiðin að aðstæðum hvers staðar þannig að þau stuðli að því að hver Varða nái fram sinni sérstöðu.

2.2 Viðmið fyrir Vörðu

Stjórnun og umsjón

Staðurinn hefur skilgreindan aðila sem ber umsjónarlega ábyrgð og hefur það hlutverk að uppfylla, framkvæma og fylgja eftir þeim viðmiðum sem fjallað er um í stefnu þessari. Lögð er áhersla á að viðhalda og efla umhverfis- og menningarsöguleg gæði og styrkja þjónustu- og upplifunargæði.

Staðurinn er tilgreindur sem áherslustaður í áfangastaðaáætlun og skilgreindur sem ferðamannastaður í aðal-/deiliskipulagi.

Til er stefna eða áætlun sem tekur á stjórnun, verndun, öryggi, atvinnustarfsemi og móttöku gesta á staðnum, og ferlar og heilsársþjónusta til þess að framfylgja henni. Stefnan eða áætlunin er í samræmi við opinberar stefnur og áætlanir sem varða uppbyggingu áfangastaða, s.s. ferðamálastefnu, áfangastaðaáætlanir, landsáætlun um uppbyggingu innviða og stjórnunar- og verndaráætlanir á sviði náttúruverndar og minjaverndar. Æskilegt er að fyrirtæki með starfsemi á staðnum, bæði þau sem eru með fasta staðbundna starfsemi og þau sem selja þjónustu til ferðamanna óstaðbundið hafi viðurkennda gæða- og/eða umhverfivottun og gilda öryggisáætlun.

Samgöngur, aðkoma og aðgengi

Skilvirkt samgöngukerfi er til staðar, bæði að staðnum og um hann. Ástand aðliggjandi vega er gott og þeir þjónustaðir allt árið um kring. Vegamerkingar til og frá staðnum eru skýrar og auðkenndar m.a. með brúnum lit (skv. alþjóðlegum viðmiðum). Finna má merkt útskot á útsýnisstöðum.

Staðsetning og hönnun bílastæða rýrir ekki upplifunina af staðnum. Tekið er tillit til þarfa mismunandi hópa (t.d. fatlaðra og barnafjölskyldna) og mismunandi ferðamáta (t.d. akandi, gangandi, hjólandi) og þeir aðgreindir þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Aðstaða til hleðslu rafknúinna ökutækja skal vera til staðar þar sem hægt er.

Aðgengi fyrir fatlaða að helsta aðdráttarafli staðarins og helstu þjónustu er tryggt eftir fremsta megni.

Æskilegt er að hægt sé að komast að staðnum og um hann, og á milli staða ef við á, með almenningsamgöngum.

Fylgja þarf reglum um umferð þyrlna, flygilda (dróna) og annara mannaðra og ómannaðra farartækja um staðinn sem miða m.a. að því að lágmarka truflun á upplifun gesta og á dýralífi.

Gagnasöfnun

Ákvarðanir um stjórnun og þróun Vörðu eru, eins og kostur er, byggðar á áreiðanlegum og lifandi gögnum. Í reglubundinni gagnasöfnun felast m.a. gestatalningar í rauntíma, ástandsmat og áhættumat. Einnig er æskilegt að viðhorfskannanir séu framkvæmdar með ákveðnu millibili, að athuganir á ferðahegðun s.s. dvalartíma og leiðarval séu gerðar og að regluleg samtöl fari fram við hagaðila. Varða leitast við að vera snjall áfangastaður sem nýtir nýjustu tækni eftir fremsta megni.

Fræðsla og upplýsingagjöf

Fræðsla og upplýsingagjöf er til fyrirmyndar. Hún nær yfir bæði hagnýt atriði, s.s. öryggisatriði, umgengisreglur, væntan dvalartíma og þá þjónustu sem er í boði, og fróðleik, s.s. um náttúrufar (dýralíf, plöntulíf, jarðfræði), sögu og menningu svæðisins.

Fræðsla og upplýsingagjöf er sett fram með stafrænum hætti á vef Vörðu þannig að gestir geti undirbúið heimsókn sína áður en komið er á staðinn. Á staðnum er fræðsla og upplýsingagjöf veitt með skiltum og merkingum samkvæmt viðmiðum um merkingar á ferðamannastöðum og í friðlöndum. Tekið er mið af þörfum mismunandi gestahópa í upplýsingamiðlun eins og kostur er án þess að hún verði of fyrirferðarmikil.

Leitast er við að hafa heilsársviðveru umsjónaraðila eða landvarðar sem veitir gestum fræðslu og upplýsingar eftir þörfum.

Umhverfi

Umhverfi staðarins er til fyrirmyndar. Hann fær góða einkunn samkvæmt ástandsmati sem framkvæmt er með reglulegu millibili. Verndun og miðlun náttúru og menningararfs er framúrskarandi og upplifun gesta af þessum þáttum er betri eða í samræmi við væntingar.

Hugað er að loftslagsaðlögun ef við á þ. e. mögulegra áhrifa loftslagsbreytinga á áfangastaðinn.

Unnið er að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að hringrásarhagkerfi s. s. með endurvinnslu, uppsetningu hleðslustöðva, lágmarkun plastumbúða og með því að vinna gegn matarsóun.

Innviðir

Innviðir eru vandaðir, þeim er vel við haldið og þeir falla vel að landslagi þannig að náttúran fær að njóta sín. Manngert umhverfi er ekki meira en þörf er á til að koma í veg fyrir óþarfa sjónmengun og innviðir afturkræfir eins og kostur er. Innviðir eru hannaðir með öryggi gesta í huga, skulu stuðla að góðu flæði umferðar, jákvæðri upplifun gesta og hvetja til ábyrgrar ferðahegðunar. Notendamiðuð hönnun er höfð að leiðarljósi.

Huga þarf að því að staðsetning og hönnun innviða getur verið hluti af upplifuninni s.s. aðkoman að staðnum og leiðin frá bílastæðinu að aðdráttaraflinu.

Aðstaða fyrir starfsfólk og nauðsynleg tæki sem tilheyra staðnum er fyrir hendi.

Vel er staðið að fráveitu- og skólpmálum. Sorp er flokkað og því komið til endurvinnslu. Gæði neysluvatns eru tryggð auk þess sem brunavarnir s. s. vatnshonar eru til staðar. Hugað er að vatns- og orkusparnaði við hönnun innviða. Rafmagn er tryggt eins og kostur er og aðstaða til hleðslu farartækja er til staðar.

Stafrænir innviðir eru til fyrirmyndar. Háhraðanettenging er til staðar ef hægt er og gestanet fyrir hendi.

Öryggi

Öryggisáætlun er til fyrir staðinn. Skv. drögum að stefnu um öryggi á ferðamannastöðum til 2015 á slík áætlun að innihalda fræðsluáætlun, forvarnaráætlun og viðbragðsáætlun sem tekur á eftirfarandi;

- Starfsfólk og gestir eru upplýstir um öryggismál staðarins og helstu hættur.
- Áhættumat er framkvæmt með reglubundnum hætti og áætlun gerð um úrbætur.
- Áætlun er gerð um hvernig skuli bregðast við slysum á staðnum eða hamförum í nágrenni hans.

Þjónusta

Á Vörðu er grunnþjónusta fyrir gesti, s.s. salerni, bílastæði, göngustígar og upplýsingagjöf, starfrækt allt árið um kring og önnur viðeigandi þjónusta eftir þörfum og aðstæðum.

Heilsuöryggi gesta er tryggt eftir fremsta megni m.a. með snertilausri þjónustu og hreinlætisaðstöðu.

Tekið er tillit til þarfa mismunandi hópa (t.d. fatlaðra og barnafjölskyldna) eins og kostur er við veitingu grunnþjónustu, í skipulagi staðarins m.t.t. aðgengis og vegalengda og með fjölbreyttri upplifun.

Hentugir staðir til myndatöku eru skilgreindir og merktir.

Leitast er við að virkja skilningarvitin (sjón, heyrn, lykt, bragð og snertingu) til að vekja hughrif hjá gestinum.

Álagsstýring

Álagsstýringu er beitt bæði inn á staðinn og innan hans, s.s. með fræðslu, hönnun innviða, með rafrænni skráningu eða annarskonar stýringu. Hún stuðlar að því að flæði um staðinn sé sem jafnast í tíma og rými og að nægt rými sé til athafna með heilsuöryggi og upplifun gesta í fyrirrými.

Stýringaraðgerðir byggja á skilgreindum viðmiðum um viðverulengd, talningum, ástandsmati staðarins og upplifun gesta.

Beiting álagsstýringar fer eftir aðstæðum á hverjum stað, í samráði við hagaðila og aðra nálæga áfangastaði ef við á.

Fjárhagsleg sjálfbærni

Varða hefur, eða sér fram á að hafa yfir að ráða fjármagni sem tryggir viðhald, uppbyggingu og umsjón staðarins til lengri tíma.

Gestum er gert kleift að gefa frjáls framlög til staðarins.

Fjárframlög til Vörðu s.s. frá opinberum styrkjum og frjálsum framlögum skulu vera gagnsæ þ.e. ferðamenn og almenningur eru upplýst um hvernig fjármagninu er varið.

Varða fjármagnar ekki uppbyggingu, rekstur eða viðhald með tekjum af beinum eða óbeinum auglýsingum, kostun, fjárframlögum frá fyrirtækjum eða velgjörðarstyrkjum viðskiptalífs.

Upplifun heimamanna

Upplifun heimamanna af Vörðu er jákvæð og er vöktuð með reglulegum viðhorfskönnunum.

Heimamenn hafa möguleika á aðkomu að þróun svæðisins s. s. í gegnum samráðsfundi eða stafræna miðla.

Almenn sátt ríkir um skipulag ýmiskonar starfsemi á svæðinu s.s. móttöku ferðamanna, skógrækt, landbúnað, útivist og menningarstarfsemi. Önnur starfsemi á svæðinu styður gjarnan við áfangastaðinn.

Stjórnun, umsjón og umhverfi staðarins miðar að því að hafa jákvæð áhrif á nær samfélagið. Þjónusta á staðnum nýtist einnig samfélaginu og skapar atvinnutækifæri.

Upplifun gesta

Stjórnun, umsjón og umhverfi staðarins miðar að því að skapa heildstæðan staðaranda.

Á Vörðu er upplifun gesta jákvæð og er hún vöktuð með reglulegum viðhorfskönnunum.

Æskilegt er að áfangastaðir notist við rafræna skráningu heimsóknna. Með því er hægt að stýra aðsókn að staðnum og um hann, miðla upplýsingum til ferðamanna fyrir komu s.s. um álagstíma, veður og færð, koma á framfæri upplýsingum um hvernig megi hámarka upplifunina af staðnum og um þá þjónustu sem er í boði, senda viðhorfskannanir að heimsókn lokinni, o. fl.

3. Ferli og vörumerki

3.1 Ferli

Við uppbyggingu Vörðu er atburðarrásin eftirfarandi;



1. Staður sækir um aðild
2. Verkefnisstjórn rýnir umsókn
3. Verkefnisstjórn tekur ákvörðun um samþykkt staðar inn í verkefnið
4. Vinnustofa haldin
5. GAP-greining gerð, byggð á fyrirliggjandi gögnum t.d. talningum, sérkennum svæðis, afþreyingarmöguleikum og aðgengi
6. Stefnumörkun og framtíðarsýn staðarins ásamt aðgerðaáætlun lögð fram, ásamt kostnaðar- og tímaáætlun
7. Skuldbinding undirrituð
8. Aðgerðaáætlun framfylgt
9. Árangursmat á framfylgd aðgerðaráætlunar framkvæmt að jafnaði innan tveggja ára eða í samræmi við tímasetningar í aðgerðaráætlun
10. Verkefnisstjórn tekur ákvörðun um veitingu leyfis til notkunar vörumerkis
11. Vörumerki innleitt
12. Vinnustofa einu sinni á ári með þeim stöðum sem eru Vörður
13. Endurmat framkvæmt þremur árum eftir veitingu vörumerkis.

Eðli áskorana úr GAP-greiningunni og aðgerða fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

3.2 Vörumerkið

Lögð hefur verið inn umsókn um skráningu vörumerkisins Varða.

Ráðherra ferðamála veitir leyfi til notkunar vörumerkisins þegar árangursmat hefur verið framkvæmt fyrir staðinn og niðurstaða þess telst fullnægjandi.

Gildistími leyfis til nýtingar á vörumerkinu er þrjú ár í senn. Að þeim loknum fer fram endurmat. Teljist niðurstaða þess fullnægjandi endurnýjast gildistími leyfisins í önnur þrjú ár. Heimilt er að hafna framlengingu leyfis ef niðurstaða endurmats telst ekki fullnægjandi.

Umsjónaraðili Vörðu ber ábyrgð á innleiðingu og réttri notkun vörumerkisins. Notkun þarf að vera í samræmi við vörumerkjahandbók.



Varða
Sites of Merit
Iceland



Varða
Merkisstaðir
Íslands

3.3 Samræmi við aðra opinbera stefnumörkun

Við innleiðingu ferils Vörðu þarf að huga að samræmi við aðrar stefnur og lög á vegum ríkis og sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna; Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða, náttúruverndarlög,

stjórnunar- og verndaráætlanir, ferðamálastefnu, byggðaáætlun, áfangastaðaáætlanir, sóknaráætlanir, lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, landsskipulagsstefnu og viðmið UNESCO.

Þetta er til þess að stuðla að samlegð aðgerða byggða á mismunandi áætlunum, samnýtingu gagna og samlegðaráhrifum í tæknilegum útfærslum og fjármálum s.s. koma í veg fyrir tvítekningu.